

Sþ.

351. Nefndarálit

um till. til þál. um landsvist nokkurra útlendinga.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

I tillögu þessari er í raun og veru ekki um annað að ræða en það, að nokkrir útlendir menn, sem hér nutu landsvistarleyfis 1939, en voru fluttir héðan af hern-aðarástæðum, haldi þessu landsvistarleyfi nú að hernaðinum loknum, meðan ekki sannast á þá neitt, er geri vist þeirra hér óæskilega, og með þeim skilyrðum, sem í tillöggunni eru greind. Meiri hluti nefndarinnar telur þetta eðlilegt og mælir með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Brtt. á þskj. 335, sem lá einnig fyrir nefndinni, er bæði óákveðnari og víðtækari, og telur meiri hlutinn hana ekki æskilega.

Alþingi, 14. des. 1945.

Magnús Jónsson, Hermann Jónasson, Garðar Þorsteinsson.
form., frsm. Bjarni Ásgeirsson. Bjarni Benediktsson.